

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til manneldis.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til manneldis.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 914/2011 frá 13. september 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til manneldis.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 957/2012 frá 17. október 2012 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar brottfellingu færslunnar fyrir Hollensku Antillur í skránni yfir þriðju lönd þaðan sem heimilt er að flytja til Sambandsins sendingar af hrá mjólk og mjólkurafurðum.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 300/2013 frá 27. mars 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til manneldis.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 209/2014 frá 5. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Sambandsins á broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til manneldis.

2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirlýsningu Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. september 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 605/2010**

frá 2. júlí 2010

um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til mannelis

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽⁵⁾, einkum 1. mgr. 48. gr.,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis ⁽¹⁾, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),

1) Í tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðssetningu hrá mjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða ⁽⁶⁾ var kveðið á um gerð skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra sem aðildarríkin skyldu heimila aðflutning frá á mjólk eða afurðum sem væru að stofni til úr mjólk og skyldu fylgja þessum vörum heilbrigðisvottorð, auk þess sem þeim bæri að uppfylla tilteknar kröfur, m.a. kröfur um hitameðhöndlun, og ábyrgðir.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽²⁾, einkum 12. gr.,

2) Til samræmis við það var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/438/EB frá 29. apríl 2004 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og lýðheilsu og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings á hitameðhöndlaðri mjólk, afurðum, sem eru að stofni til úr mjólk, og hrá mjólk til mannelis ⁽⁷⁾ samþykkt.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽³⁾, einkum 9. gr.,

3) Síðan sú ákvörðun var samþykkt hefur verið mælt fyrir um allnokkrar nýjar kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna sem mynda nýjan regluramma á þessu sviði og taka skal tillit til í þessari reglugerð. Auk þess var tilskipun 92/46/EBE felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 21. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðis-skilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis ⁽⁸⁾.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis ⁽⁴⁾, einkum 11. gr. (1. mgr.), 14. gr. (4. mgr.) og 16. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 206.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 154, 30.4.2004, bls. 72.⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33.

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾ er mælt fyrir um almennar meginreglur um matvæli og fóður almennt og um öryggi matvæla og fódurs sérstaklega, á vettvangi Evrópusambandsins og á landsvísi.
- 5) Í tilskipun 2002/99/EB er mælt fyrir um reglur varðandi aðflutning frá þriðju löndum á afurðum úr dýrarikinu sem ætlaðar eru til mannelis. Þar er kveðið á um að aðflutning á slíkum afurðum til Evrópusambandsins ætti einungis að leyfa ef þær uppfylla kröfurnar sem gilda um þessar afurðir á öllum stígum framleiðslunnar, vinnslunnar og dreifingarinnar í Evrópusambandinu eða ef jafngildar dýraheilbrigðisábyrgðir eru veittar.
- 6) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti varðandi matvæli á öllum stígum fæðukeðjunnar, m.a. á frumframleiðslustigi.
- 7) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýrarikinu. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða hrámjólk og mjólkurafurðir, sem eru ætluð til mannelis, skuli fara að viðeigandi ákvæðum III. viðauka við hana.
- 8) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýrarikinu.
- 9) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli⁽²⁾ er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tiltekna örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla þegar þeir hrinda almennum og sértækum ráðstöfunum um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, í framkvæmd. Í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja beri að tryggja að matvæli uppfylli viðeigandi örverufræðilegar viðmiðanir sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 10) Undir gildissvið tilskipunar ráðsins 92/46/EBE féllu einungis hrámjólk og afurðir úr henni ef um var að ræða kýr, ær, geitur eða buffla. Hins vegar vikka skilgreiningarnar á hrámjólk og mjólkurafurðum í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 gildissvið reglna um hollustuhætti varðandi mjólk þannig að það nær yfir allar spendýrategundir og skilgreinir hrámjólk sem mjólk úr mjólkurkirtlum alidýra sem hefur ekki verið hituð í meira en 40 °C eða fengið aðra meðhöndlun sem hefur sömu áhrif. Þar eru mjólkurafurðir einnig skilgreindar sem unnar afurðir sem fást með vinnslu hrámjólkur eða frekari vinnslu slíkra unninna afurða.
- 11) Með hliðsjón af gildistöku reglugerða (EB) nr. 852/2004, nr. 853/2004 og nr. 854/2004 og gerðum sem hrinda þeim í framkvæmd er nauðsynlegt að breyta og uppfæra skilyrði Evrópusambandsins varðandi heilbrigði manna og dýra og vottunarkröfum vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum sem ætluð eru til mannelis.
- 12) Til að tryggja samfellu í löggjöf Sambandsins skal í þessari reglugerð einnig taka tillit til reglnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýrarikinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004⁽³⁾ og framkvæmdarreglnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýrarikinu⁽⁴⁾ og tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE⁽⁵⁾.
- 13) Í tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða⁽⁶⁾ er mælt er fyrir um reglur sem fara verður eftir við útgáfu heilbrigðisvottorða sem gerð er krafa um í heilbrigðislöggjöf um dýr og dýraafurðir til að koma í veg fyrir villandi eða sviksamlega vottun. Rétt er að tryggja að lögbær yfirlit í þriðja landi sem er útflutningsland beiti vottunarkröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

- 14) Auk þess er í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾ kveðið á um tölvukerfi sem tengir saman heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða og hefur verið þróað í Evrópusambandinu. Breyta þarf öllum fyrirmyndum heilbrigðisvottorða með tilliti til þess að samhæfa þau hugsanlegri rafrænni vottun samkvæmt Traces-kerfinu sem kveðið er á um í tilskipun 90/425/EBE. Til samræmis við það skulu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, settar m.t.t. Traces-kerfisins.
- 15) Í tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur varðandi heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum sem fluttar eru til Evrópusambandsins frá þriðju löndum, annaðhvort til innflutnings eða umflutnings, þ.m.t. tilteknar vottunarkröfur. Þessar reglur eiga við um vörurnar sem falla undir þessa reglugerð.
- 16) Kveða skal á um sérstök skilyrði vegna umflutnings á vörusendingum um Evrópusambandið til og frá Rússlandi vegna landfræðilegrar staðsetningar Kaliningrad sem hefur einungis áhrif á Lettland, Litháen og Pólland.
- 17) Til glöggvunar á löggjöf Evrópusambandsins skal ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/438/EB felld úr gildi og í stað hennar komi þessi reglugerð.
- 18) Til að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum skal heimila notkun heilbrigðisvottorða, sem gefin eru út í samræmi við ákvörðun 2004/438/EB, meðan á umbreytingartímabili stendur.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- a) skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Evrópusambandsins á sendingum af hrámjólk og mjólkurafurðum,

- b) skrá yfir þriðju lönd þaðan sem aðflutningur til Evrópusambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.

2. gr.

Innflutningur á hrámjólk og mjólkurafurðum frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í A-dálk I. viðauka

Aðildarríki skulu heimila innflutning á sendingum af hrámjólk og mjólkurafurðum frá þeim þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í A-dálk I. viðauka.

3. gr.

Innflutningur á tilteknum mjólkurafurðum frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í B-dálk I. viðauka

Aðildarríki skulu heimila innflutning á sendingum af mjólkurafurðum sem unnar eru úr hrámjólk úr kúm, ám, geitum eða bufflum frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í B-dálk I. viðauka, þar sem áhætta vegna gin- og klaufaveiki er engin, að því tilskildu að þessar mjólkurafurðir hafi verið gerilsneyddar með einfaldri hitameðhöndlun eða séu framleiddar úr gerilsneyddri hrámjólk sem fengið hefur slíka meðhöndlun:

- a) með hitahrifum sem jafngilda a.m.k. þeim sem nást með gerilsneyðingu við a.m.k. 72 °C í 15 sekúndur,
- b) sem, eftir atvikum, nægir til að tryggja neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa strax eftir hitameðhöndlunina.

4. gr.

Innflutningur á tilteknum mjólkurafurðum frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í C-dálk I. viðauka

1. Aðildarríki skulu heimila innflutning á sendingum af mjólkurafurðum sem unnar eru úr hrámjólk úr kúm, ám, geitum eða bufflum frá þriðju löndum eða hlutum þeirra sem eru skráðir í C-dálk I. viðauka, þar sem áhætta vegna gin- og klaufaveiki er fyrir hendi, að því tilskildu að þessar mjólkurafurðir hafi verið hitameðhöndlaðar eða séu framleiddar úr hitameðhöndlaðri hrámjólk þar sem um er að ræða:

- a) dauðhreinsunarferli, til að ná F0-gildi sem er jafnt og 3 eða hærra,
- b) meðferð með leifturhitun við a.m.k. 135 °C ásamt hæfilegum tímamörkum,
- c) i. háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í 15 sekúndur, tvisvar ef um er að ræða mjólk þar sem pH-gildið er 7.0 eða meira, þar sem næst, eftir atvikum, neikvæð svörun við prófun með basískum fosfatasa sem gerð er strax að lokinni hitameðhöndluninni eða

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

- ii. meðhöndlun með gerilsneyðingu sem er jafngild þeirri sem um getur í i. lið og gefur, eftir atvikum, neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa sem gerð er strax að lokinni hitameðhöndluninni,
- d) háhitagerilsneyðingu mjólkur í skamman tíma með pH-gildi < 7,0 eða
- e) háhitagerilsneyðingu í skamman tíma ásamt annarri eðlisfræðilegri meðhöndlun með því að:
 - i. lækka pH-gildið niður fyrir 6 í eina klukkustund eða
 - ii. nota viðbótarhitun sem jafngildir 72 °C eða meira, ásamt þurrkun.

2. Aðildarríki skulu heimila innflutning á sendingum af mjólkurafurðum úr hrámjólk annarra dýra en þeirra sem um getur í 1. mgr. frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem eru skráðir í C-dálk I. viðauka, þar sem áhætta á gin- og klaufaveiki er fyrir hendi, að því tilskildu að þessar mjólkurafurðir hafi verið meðhöndlaðar eða framleiddar úr meðhöndlaðri hrámjólk þar sem um er að ræða:

- a) dauðhreinsunarferli, til að ná F0-gildi sem er jafnt og 3 eða hærra, eða
- b) meðferð með leifturhitun við a.m.k. 135 °C ásamt hæfilegum tímamörkum.

5. gr.

Vottorð

Sendingum, sem heimilt er að flytja inn í samræmi við 2., 3. og 4. gr., skal fylgja heilbrigðisvottorð sem gert er í samræmi við viðeigandi fyrirmynd sem sett er fram í 2. hluta II. viðauka, á við hina tilteknu vöru og hefur verið fyllt út í samræmi við skýringarnar sem settar eru fram í 1. hluta þess viðauka.

Hins vegar skulu kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, ekki útiloka rafræna vottun eða önnur samþykkt kerfi sem hafa verið samræmd á vettvangi Evrópusambandsins.

6. gr.

Umflutnings- og geymsluskilyrði

Einungis skal heimila flutning til Evrópusambandsins á sendingum af hrámjólk og mjólkurafurðum sem ekki er ætlunin að flytja inn til Evrópusambandsins heldur til þriðja lands, annaðhvort strax eða eftir að hafa verið geymdar í Evrópusambandinu, í samræmi við 11., 12. eða 13. gr. tilskipunar

ráðsins 97/78/EB, ef sendingarnar uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær eru frá þriðja landi eða hluta þess þaðan sem heimilt er að flytja til Evrópusambandsins sendingar af hrámjólk eða mjólkurafurðum og uppfylla viðeigandi hitameðhöndlunarskilyrði varðandi slíkar sendingar, eins og kveðið er á um í 2., 3. og 4. gr.,
- b) þær uppfylla sértæk skilyrði um heilbrigði dýra vegna innflutnings til Evrópusambandsins á þeirri hrámjólk eða mjólkurafurð sem um er að ræða, eins og mælt er fyrir um í dýraheilbrigðisvottuninni í hluta II.1 í viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í 2. hluta II. viðauka,
- c) þeim fylgir heilbrigðisvottorð, gert í samræmi við viðeigandi fyrirmynd í 3. hluta II. viðauka, fyrir sendinguna sem um er að ræða sem er fyllt út í samræmi við skýringarnar sem settar eru fram í 1. hluta þess viðauka.
- d) þær hafa fengið vottun um að þær megi umflytja, m.a. til geymslu eins og við á, á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽¹⁾ og skal hún vera undirrituð af opinbera dýralækninum á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn til Evrópusambandsins.

7. gr.

Undanþágur varðandi umflutnings- og geymsluskilyrði

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal leyfa flutning sendinga um Evrópusambandið, sem koma frá Rússlandi eða eru á leið þangað, beint eða í gegnum annað þriðja land á vegum eða með járnbrautum, milli tilnefndra skoðunarstöðva á landamærum Lettlands, Litháens og Póllands, sem tilgreindar eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽²⁾, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) fulltrúi heilbrigðisþjónustu lögbæra yfirvaldsins fyrir dýr og dýraafurðir innsiglar sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Evrópusambandið,
- b) opinber dýralæknir lögbæra yfirvaldsins, sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Evrópusambandið, stimplar skjölin, sem fylgja sendingunni, sem um getur í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, á hverja blaðsíðu með orðunum „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS GEGNUM ESB TIL RÚSSLANDS“,
- c) kröfurnar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

d) sendingin er vottuð sem tæk fyrir umflutning á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn í Evrópusambandið gaf út.

2. Afferming eða geymsla slíkra sendinga, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 12. gr. eða í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal ekki leyfð á yfirráðasvæði Evrópusambandsins.

3. Lögbert yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga og magn afurða sem er flutt frá yfirráðasvæði Evrópusambandsins samsvari fjöldanum og magninu sem kemur inn í Evrópusambandið.

8. gr.

Sértæk meðhöndlun

Einungis skal heimilt að flytja sendingar af mjólkurafurðum, sem heimilt er að flytja til Evrópusambandsins í samræmi við 2., 3., 4., 6. eða 7. gr., frá þriðju löndum eða hlutum þeirra þar sem gin- og klaufaveiki hefur komið upp á næstliðnum tólf mánuðunum fyrir dagsetningu heilbrigðisvottorðsins eða þar sem bólusett hefur verið við sjúkdómnum á því tímabili, til Evrópusambandsins ef þessar afurðir hafa fengið einhverja þá meðhöndlun sem tilgreind er í 4. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

9. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2004/438/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í ákvörðun 2004/438/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð.

10. gr.

Umbreytingarákvæði

Á umbreytingartímabili sem stendur til 30. nóvember 2010 má áfram flytja sendingar til Evrópusambandsins af hrámjólk og afurðum sem eru að stofni til úr mjólk, eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun 2004/438/EB, sem viðeigandi heilbrigðisvottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við ákvörðun 2004/438/EB.

11. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra sem hefur verið heimilað að flytja sendingar af hrá mjólk og mjólkurafurðum til Evrópusambandsins og upplýsingar um þá tegund hitameðhöndlunar sem krafist er fyrir slíkar vörur

„+“: þriðja landið hefur heimild

„0“: þriðja landið hefur ekki heimild

ISO-kóði þriðja lands	Þriðja land eða hluti þess	A-dálkur	B-dálkur	C-dálkur
AD	Andorra	+	+	+
AL	Albanía	0	0	+
AN	Hollensku Antillur	0	0	+
AR	Argentína	0	0	+
AU	Ástralía	+	+	+
BR	Brasilía	0	0	+
BW	Botsvana	0	0	+
BY	Hvíta-Rússland	0	0	+
BZ	Belís	0	0	+
BA	Bosnía og Hersegóvína	0	0	+
CA	Kanada	+	+	+
CH	Sviss (*)	+	+	+
CL	Síle	0	+	+
CN	Kína	0	0	+
CO	Kólumbía	0	0	+
CR	Kostaríka	0	0	+
CU	Kúba	0	0	+
DZ	Alsír	0	0	+
ET	Eþíópía	0	0	+
GL	Grænland	0	+	+
GT	Gvatemala	0	0	+
HK	Hong Kong	0	0	+
HN	Hondúras	0	0	+
HR	Króatía	0	+	+
IL	Ísrael	0	0	+
IN	Indland	0	0	+
IS	Ísland	+	+	+
KE	Kenía	0	0	+

ISO-kóði þriðja lands	Þriðja land eða hluti þess	A-dálkur	B-dálkur	C-dálkur
MA	Marokkó	0	0	+
MG	Madagaskar	0	0	+
MK (**)	Makedónía (fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	0	+	+
MR	Máritanía	0	0	+
MU	Máritíus	0	0	+
MX	Mexíkó	0	0	+
NA	Namibía	0	0	+
NI	Níkaragva	0	0	+
NZ	Nýja-Sjáláland	+	+	+
PA	Panama	0	0	+
PY	Paragvæ	0	0	+
RS (***)	Serbía	0	+	+
RU	Rússland	0	0	+
SG	Singapúr	0	0	+
SV	El Salvador	0	0	+
SZ	Svasíland	0	0	+
TH	Taíland	0	0	+
TN	Túnis	0	0	+
TR	Tyrkland	0	0	+
UA	Úkraína	0	0	+
US	Bandaríki Ameríku	+	+	+
UY	Úrúgvæ	0	0	+
ZA	Suður-Afríka	0	0	+
ZW	Simbabve	0	0	+

(*) Vottorð í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(**) Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu): endanleg skrá fyrir þetta land verður samþykkt þegar yfirstandandi samningaviðræðum um þetta efni á vettvangi SP er lokið.

(***) Að frátöldu Kósóvó, sem nú lýtur alþjóðlegri stjórn samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999.

II. VIÐAUKI

1. HLUTI

Fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum

- „Milk-RM“: Heilbrigðisvottorð fyrir hrámjólk frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka, sem ætlunin er að vinna frekar í Evrópusambandinu áður en hún er notuð til manneldis.
- „Milk-RMP“: Heilbrigðisvottorð fyrir mjólkurafurðir úr hrámjólk til manneldis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.
- „Milk-HTB“: Heilbrigðisvottorð fyrir mjólkurafurðir úr kúm, ám, geitum og bufflum til manneldis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt B-dálki I. viðauka, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.
- „Milk-HTC“: Heilbrigðisvottorð fyrir mjólkurafurðir til manneldis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt C-dálki I. viðauka, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.
- „Milk-T/S“: Dýraheilbrigðisvottorð fyrir hrámjólk eða mjólkurafurðir til manneldis til umflutnings um Evrópusambandið eða til geymslu þar.

Skýringar

- a) Lögbær yfirvöld í þriðja landi sem er upprunaland skulu gefa út heilbrigðisvottorðin, í samræmi við viðeigandi fyrirmynd sem sett er fram í 2. hluta þessa viðauka, samkvæmt sniði fyrirmyndarinnar sem á við hrámjólkina eða mjólkurafurðina sem um er að ræða. Þar skulu koma fram, í sömu tölusettu röð og í fyrirmyndinni, þær yfirlýsingar sem krafist er fyrir viðkomandi þriðja land og eftir atvikum þær viðbótarábyrgðir sem krafist er fyrir viðkomandi þriðja land sem er útflutningsland.
- b) Frumrit vottorðsins skal vera á einu blaði, áprentað báðum megin, eða form þess skal vera þannig, ef textinn þarf að vera lengri, að allar síðurnar myndi hluta af heild og að ekki sé hægt að aðskilja þær.
- c) Framvísa verður einu, sérstöku heilbrigðisvottorði fyrir hverja sendingu af viðkomandi vöru sem flutt er út til sama áfangastaðar frá þriðja landi sem skráð er í 2. dalk töflunnar í I. viðauka og flutt í sama járnbrautarvagni, ökutæki, loftfari eða skipi.
- d) Frumrit heilbrigðisvottorðsins og merkimiðarnir, sem um getur í fyrirmyndinni að vottorðinu, skulu vera á a.m.k. einu opinberu tungumáli aðildarríkis þar sem skoðunin á landamærastöðinni skal fara fram og á tungumáli þess aðildarríkis sem er viðtökuaðildarríkið. Þessi aðildarríki geta þó leyft að vottorðið sé samið á öðru opinberu tungumáli Evrópusambandsins í stað eigin tungumáls ásamt, ef þörf krefur, opinberri þýðingu.
- e) Ef viðbótarblöð eru fest við heilbrigðisvottorðið til auðkenningar á vörunum í sendingunni teljast þau hluti af frumriti vottorðsins, að því tilskildu að undirskrift og stimpill opinbera dýralæknisins komi fyrir á hverri síðu fyrir sig.
- f) Ef heilbrigðisvottorðið er fleiri en ein síða skal hver síða númeruð neðst með blaðsíðunúmeri af heildarsíðufjölda og efst á síðunni skal vera tilvísunarnúmer vottorðsins sem lögbært yfirvald hefur úthlutað.
- g) Frumrit heilbrigðisvottorðsins verður að vera útfyllt og undirritað af fulltrúa lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á því að sannreyna og votta að hrámjólkinn eða mjólkurafurðirnar uppfylli skilyrðin um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í IX. þætti, I. kafla í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og í tilskipun 2002/99/EB.
- h) Lögbær yfirvöld þriðja lands sem er útflutningsland skulu sjá til þess að farið sé að meginreglum um útgáfu vottorðs sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/93/EB⁽¹⁾.
- i) Undirskrift opinbera dýralæknisins skal vera í öðrum lit en prentaði textinn á heilbrigðisvottorðinu. Það sama á við um stimpla, nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki.
- j) Frumrit heilbrigðisvottorðsins verður að fylgja sendingunni uns hún er komin að skoðunarstöð á landamærunum þar sem sending er flutt inn til Evrópusambandsins.
- k) Ef í fyrirmynd að vottorðinu kemur fram að strika skuli út tilteknar yfirlýsingar ef þær eiga ekki við má vottunarmaður strika yfir þær sem eiga ekki við og merkja við með upphafsstöfum og stimpla eða fella þær alveg brott úr vottorðinu.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

2. HLUTI

Fyrirmynd að Milk-RM

Heilbrigðisvottorð fyrir hrámjólk frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, sem ætluin er að vinna frekar í Evrópusambandinu áður en hún er nýtt til mannelis

LAND		Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB						
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer.			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a		
				I.3. Lögbært stjórnvald				
				I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer			I.6.				
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði		Kóði	I.9. Viðtökuland	
							I.10.	
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang			Samþykkisnúmer		I.12.		
	I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur				
	I.15. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:					I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB		
				I.17.				
I.18. Lýsing á vöru					I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
					I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar Umhverfishiti <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			I.22. Fjöldi pakkninga					
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer			I.24. Tegund umbúða					
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/>								
I.26.			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>					
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti) Framleiðslufyrirtæki Fjöldi pakkninga Eigin þyngd Númer framleiðslulotu								

LAND

Hrámjólk

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
	II.1. Dýraheilbrigðisvottun	<p>Ég, undirritaður opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði í tilskipun 2002/99/EB og reglugerð (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta hér með að hrámjólkin sem lýst er hér að framan er fengin úr dýrum sem:</p>	
	<p>a) eru undir eftirliti opinberu dýralæknaþjónustunnar,</p>		
	<p>b) voru í landi eða landshluta sem hefur verið laus við gin- og klaufaveiki og nautapest í a.m.k. 12 mánuði fyrir dagsetningu þessa vottorðs og þar sem ekki hefur verið bólusett við gin- og klaufaveiki á því tímabili,</p>		
	<p>c) eru á bújörðum, sem sæta engum takmörkunum vegna gin- og klaufaveiki eða nautapestar, og</p>		
	<p>d) falla undir reglubundna heilbrigðissskoðun dýra og dýraafurða til að tryggja að þau uppfylli skilyrði um heilbrigði dýra sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og tilskipun 2002/99/EB.</p>		
	II.2 Lýðheilsuvottun		
	<p>Ég, undirritaður opinber skoðunarmaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 sem skipta máli og votta hér með að hrámjólkin sem lýst er hér að framan var framleidd í samræmi við þessi ákvæði, einkum að:</p>		
	<p>a) hún sé frá bújörðum sem skráðar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og hafa verið skoðaðar í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004,</p>		
	<p>b) hún hafi verið framleidd, henni safnað, hún kæld, geymd og flutt í samræmi við þau skilyrði er varða hollustuhætti sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p>		
	<p>c) hún uppfylli viðmiðanirnar um líflölu og frumtölu sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p>		
	<p>d) hún innihaldi ekki sýklalyfjaleifar umfram mörkin sem heimiluð eru samkvæmt viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010,</p>		
	<p>e) þær ábyrgðir, sem ná yfir lifandi dýr og afurðir úr þeim, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun 96/23/EB, einkum 29. gr., séu uppfylltar,</p>		
	<p>f) hún innihaldi ekki varnarefnafeifar umfram mörkin sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 396/2005 og</p>		
	<p>g) hún innihaldi ekki aðskotaefni umfram vikmörkin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.</p>		
	Athugasemdir		
	<p>Þetta vottorð er ætlað fyrir hrámjólk frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, sem ætlunin er að vinna frekar í Evrópusambandinu áður en hún er nýtt til manneldis.</p>		
	I. hluti:		
	<p>Reitur I.7: Tilgreinið heiti og ISO-kóða landsins eða hluta þess eins og þau birtast í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010.</p>		
	<p>Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer afgreiðslustöðvarinnar.</p>		
	<p>Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og ökutæki), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfremingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn í Evrópusambandið um það.</p>		
	<p>Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmda tollskrá (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar: 04.01; 04.02 eða 04.03.</p>		

LAND

Hrámjólk

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
<p>Reitur I.20: Tilgreinið samanlagða heildarþyngd og samanlagða eigin þyngd.</p> <p>Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsigli snúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma eða kassa.</p> <p>Reitur I.28: Framleiðslufyrirtæki: Tilgreinið samþykkisnúmer framleiðslubúsins eða -búanna, söfnunarstöð eða stöðlunarstöð sem hefur verið samþykkt vegna útflutnings til Evrópusambandsins.</p>		
<p>II. hluti: Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Það sama á við um stimpla nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p>		
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	
Dagsetning:	Undirskrift:	
Stimpill:		

Fyrirmynd að Milk-RMP

Heilbrigðisvottorð fyrir mjólkurafurðir úr hrámjólk til mannelis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.

LAND				Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB		
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a	
	Heiti			I.3. Lögbært stjórnvald		
	Heimilisfang					
	Símanúmer.					
	I.5. Viðtakandi			I.6.		
	Heiti			I.9. Viðtökuland		
	Heimilisfang					
	Póstnúmer					
	Símanúmer					
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	ISO-kóði	I.10.
I.11. Upprunastaður			I.12.			
Heiti			I.14. Brottfarardagur			
Heimilisfang						
Samþykkisnúmer			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB			
I.13. Fermingarstaður						
I.15. Flutningatæki						I.17.
Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>			I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>						
Auðkenning: Tilvisun í skjöl:			I.20. Magn			
I.18. Lýsing á vöru						
I.21. Hitastig afurðar			I.22. Fjöldi pakkninga			
Umhverfishiti <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			I.24. Tegund umbúða			
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer						
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til mannelis <input type="checkbox"/>			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>			
I.26.						
I.28. Auðkenning varanna			I.28. Auðkenning varanna			
Tegund (vísindaheiti)						
Framleiðslufyrirtæki			Fjöldi pakkninga			
Eigin þyngd			Númer framleiðslulotu			

LAND

Mjólkurafurðir úr hrámjólk, til mannelis

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
	<p>II.1. Dýraheilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði í tilskipun 2002/99/EB og reglugerð (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta hér með að mjólkurafurðirnar sem lýst er hér að framan eru framleiddar úr hrámjólk sem fengin er úr dýrum sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) eru undir eftirliti opinberu dýralæknáþjónustunnar, b) voru í landi eða landshluta sem hefur verið laus við gin- og klaufaveiki og nautapest í a.m.k. 12 mánuði fyrir dagsetningu þessa vottorðs og þar sem ekki hefur verið bólusett við gin- og klaufaveiki á því tímabili, c) eru á bújörðum, sem sæta engum takmörkunum vegna gin- og klaufaveiki eða nautapestar, og d) falla undir reglubundna heilbrigðissskoðun dýra og dýraafurða til að tryggja að þau uppfylli skilyrði um heilbrigði dýra sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og tilskipun 2002/99/EB. <p>II.2 Lýðheilsuvottun</p> <p>Ég, undirritaður opinber skoðunarmaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 sem skipta máli og votta hér með að mjólkurafurðin úr hrámjólk sem lýst er hér að framan var framleidd í samræmi við þessi ákvæði, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) hún hafi verið framleidd úr hrámjólk sem: <ul style="list-style-type: none"> i. er frá bújörðum sem skráðar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og hafa verið skoðaðar í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004, ii. var framleidd, henni safnað, hún kæld, geymd og flutt í samræmi við þau skilyrði er varða hollustuhætti sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, iii. uppfyllir viðmiðanirnar um líftölu og frumtölu sem mælt er fyrir um í I. kafla IX. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, iv. inniheldur ekki sýklalyfjaleifar umfram mörkin sem heimiluð eru samkvæmt viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010, v. inniheldur ekki varnarefnaleifar umfram mörkin sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 396/2005 og vi. inniheldur ekki aðskotaefni umfram vikmörkin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006, b) hún sé frá starfsstöð sem kemur til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004, c) hún hafi verið fengin úr hrámjólk sem fékk hvorki hitameðhöndlun né eðlis- eða efnafræðilega meðhöndlun meðan á framleiðsluferlinu stóð, d) hún hafi verið sett í umbúðir, pökkuð og merkt í samræmi við III. og IV. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, e) hún uppfylli viðeigandi örverufræðilegar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli og f) þær ábyrgðir, sem ná yfir lifandi dýr og afurðir úr þeim, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun 96/23/EB, einkum 29. gr., séu uppfylltar. 		

Fyrirmynd að Milk-RMP

LAND

Mjólkurafurðir úr hrámjólk, til mannelis

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
<p>Athugasemdir</p> <p>Þetta vottorð er ætlað fyrir mjólkurafurðir úr hrámjólk til mannelis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.</p> <p>I. hluti:</p> <p>Reitur I.7: Tilgreinið heiti og ISO-kóða landsins eða hluta þess eins og þau birtast í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010.</p> <p>Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer afgreiðslustöðvarinnar.</p> <p>Reitur I.15: Skráningarnúmer (jámbrautarvagnar eða gámar og ökutæki), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef um er að ræða flutning í gámum skal tilgreina heildarfjölda gámana og skráningarnúmer þeirra í reit I.23, auk raðnúmers innsiglisins, ef við á. Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöð á landamærum þar sem sending er flutt inn í Evrópusambandið um það.</p> <p>Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmda tollskrá (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar: 04.01, 04.02, 04.03, 04.04, 04.05, 04.06 eða 21.05.</p> <p>Reitur I.20: Tilgreinið samanlagða heildarþyngd og samanlagða eigin þyngd.</p> <p>Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma eða kassa.</p> <p>Reitur I.28: Framleiðslufyrirtæki: Tilgreinið samþykkisnúmer framleiðslubúsins eða -búanna, söfnunarstöð eða stöðlunarstöð sem hefur verið samþykkt vegna útflutnings til Evrópusambandsins.</p> <p>II. hluti:</p> <p>Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Það sama á við um stimpla nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum): _____ Menntun, hæfi og titill: _____</p> <p>Dagsetning: _____ Undirskrift: _____</p> <p>Stimpill: _____</p>		

Fyrirmynd að Milk-HTB

Heilbrigðisvottorð fyrir mjólkurafurðir úr mjólk kúa, áa, geita og buffla til manndis frá þriðju löndum eða hlutum þeirra, sem hafa heimild samkvæmt B-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, sem ætlunin er að flytja inn til Evrópusambandsins.

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

